

GJALDSKRÁ

vegna handsömunar og vörslu búfjár á Fljótsdalshéraði.

1. gr.

Í þeim tilvikum sem Fljótsdalshérað vinnur að handsömun búfjár og/eða við að koma því í örugga vörslu, sem umráðamaður lands, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga um búfjárhald nr. 38/2013, er kostnaður innheimtur hjá eiganda búfjárins á eftirfarandi hátt.

Kostnaður vegna handsömunar og vörslu, þ.m.t. umsjón verks, vinna starfsmanns, aksturs- og flutningskostnaður:

Kr. 7.000 á hvern stórgrip.

Kr. 3.500 á hverja kind.

Ef kostnaður er verulega meiri en nemur ofangreindum fjárhæðum, s.s. vegna mikillar vinnu starfsmanns, er heimilt að innheimta tímagjald á hvern starfsmann sveitarfélagsins, kr. 2.500 á klst. sem skiptist hlutfallslega niður á hvern grip sem vinna beinist að.

2. gr.

Í þeim tilvikum sem Fljótsdalshérað hefur búfé í vörslu, fram yfir 6 klukkustundir, sem umráðamaður lands, eða ef sveitarféluginu er afhent búfé til vörslu af umráðamanni lands, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga um búfjárhald nr. 38/2013, er kostnaður innheimtur hjá eiganda búfjárins á eftirfarandi hátt.

Kostnaður vegna vörslu, fóðrunar, brynningar og eftir atvikum hýsingar, þ.m.t. umsjón verks, vinna starfsmanns, aksturs- og flutningskostnaður:

Kr. 15.000 á hvern byrjaðan sólarhring vegna hvers stórgrips.

Kr. 5.000 á hvern byrjaðan sólarhring vegna hverrar kindar.

3. gr.

Gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari fylgir lögveð í búfénu, sbr. 2. mgr. 9. gr. laga um búfjárhald nr. 38/2013. Lögveðið nær einnig til vaxta og innheimtukostnaðar af kröfunni ef því er að skipta.

4. gr.

Ofangreind gjaldskrá var samþykkt af bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs þann 19. nóvember 2014, á grundvelli laga um búfjárhald nr. 38/2013 og á grundvelli samþykktar um bann við lausagöngu stórgripa nr. 1113/2005 og öðlast þegar gildi.

Fljótsdalshéraði, 27. nóvember 2014.

Björn Ingimarsson bæjarstjóri.